

Styrkjaúthlutun Nasdaq Iceland

Hlutverk

Styrkjaúthlutun Nasdaq Iceland (Nasdaq Iceland Grants Program) starfar í samræmi við markmið Nasdaq um að efla efnahagsleg tækifæri. Með því að styðja við verkefni sem auka fjármálalæsi og efla sjálfstraust almennings til þátttöku í þeirri verðmætasköpun sem markaðir geta boðið upp á, má stuðla að jafnari tækifærum og aukinni sjálfbærni.

Bakgrunnur

Skráð félög, aðrir útgefendur verðbréfa og kauphallaraðilar fylgja reglum Nasdaq Iceland. Viðurlaganefnd Nasdaq Iceland getur ákveðið að leggja févíti á kauphallaraðila eða útgefenda vegna brota á reglum Kauphallarinnar. Fjármunir sem innheimtast með þeim hætti eru nýttir til árlegrar styrkjaúthlutunar Nasdaq Iceland til verkefna sem samræmast markmiði sjóðsins um að auka fjármálalæsi og efla sjálfstraust í fjárfestingum á meðal almennings.

Viðmið fyrir úthlutun

Félög, stofnanir og samtök með verkefni sem ætlað er að hafa áhrif á og skila árangri í eftirfarandi þáttum geta sótt um styrk:

- [Efla fjármálalæsi á Íslandi.](#)
- [Efla aðgengi að þekkingu um verðbréfamarkaði og verkfærum til að taka þátt á þeim.](#)

Sérstök áhersla verður lögð á að styðja við verkefni sem hjálpa fólki úr hópum sem taka almennt minna þátt á hlutabréfamarkaði að öðlast sjálfstraust og tækifæri til þátttöku.

Mat á umsóknum

Umsóknir verða metnar út frá eftirfarandi:

- [Hver eru fyrirhuguð áhrif verkefnisins?](#) Býr umsækjandi yfir nægilegri getu og þekkingu til að skila fyrirhuguðum árangri?
- [Er áætlun um nýtingu styrksins](#) nægilega ítarleg og raunhæf?
- [Hefur umsækjandi getu til að fylgjast með, bókfæra og skila skýrslu](#) um hvernig fjármunum styrksins er varið?

Fjárhæðir og skilmálar

Nasdaq Iceland fyrirhugar að úthluta að hámarki 800 þúsund krónum á árinu 2026. Upphæðinni getur verið veitt einum eða fleiri umsækjendum.

Aðilar sem hljóta styrk skuldbinda sig til að skila stöðuskýrslu til Nasdaq Iceland þar sem fram kemur hvernig verkefnið þróast í samræmi við umsóknina og hvernig styrkfjármunum hefur verið varið. Að auki skal skila lokaskýrslu þegar styrknum hefur verið úthlutað að fullu.

Umsóknarferli 2026

Umsóknum skal skilað á netfangið iceland@nasdaq.com í síðasta lagi 10. september, 2026. Umsóknir sem berast eftir umsóknarfrest verða ekki teknar til greina.